Aðalfundur Félags fagfólks á skólasöfnum 2017

Dagsetning: 6. mars kl. 14-16 á skólasafni Lágafellsskóla

Fundarstjóri: Halla Svavarsdóttir

Fundarritari: Berglind Inga Guðmundsdóttir

Mættir voru 21 félagsmenn.

Fundarstjóri kynnir dagskrá aðalfundar og gefur Heiðu Rúnarsdóttur formanni orðið.

1. Skýrsla stjórnar/formanns

Heiða Rúnarsdóttir formaður kynnti þá sem sitja í stjórn og nefndum. Hún nefndi að það vanti fulltrúa í kjaranefndir KÍ og fleiri nefndir eða sérstök verkefni, t.d. upptöku- og útsendingarstjóra.

Formaður ræddi fjármál en mikill niðurskurður hefur verið þar sem föst fjárhæð frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti til félagsins var lögð niður. Í staðinn fer mikil vinna í að leita eftir styrkjum, sækja um og gefa skýrslur.

Formaður kynnti stóru málin: Fræðslumál, vefsvæði og starfslýsing. Fyrir þá vinnu sem tengist þessu væri hægt að sækja styrki frá fagfélögunum; KÍ og SBU.

Fræðslustarf vetrarins hefur verið blómlegt: Læsisráðstefna á Akureyri, þrjár fræðslustundir, Gerðubergsráðstefnan 11. mars næstkomandi.

Fjallað um heimasíðu og tilgang hennar, hvað ætti að vera á slíkri síðu og hvernig hún nýtist í starfi.

Heiða þakkaði fyrir áheyrnina.

2. Ársreikningur félagsins

Margrét Björnsdóttir gjaldkeri fór yfir rekstraryfirlit og reikninga.

Ef á að halda uppi öflugu starfi og styrkir illfáanlegir væri jafnvel eini möguleikinn að hafa félagsgjöld. Einn fundarmaður benti á að það gætu verið erfiðleikar við utanumhald félagatals og annar benti á að mikill kostnaður fylgdi því að senda út kröfur í heimabanka. Heiða benti á og sagðist vona að félagið fengi styrk sem sótt var um upp á 160 þúsund.

Margrét þakkaði gott hljóð.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Fundarmaður kvað sér hljóðs og hrósaði fyrir fræðslustundir.

Heiða sagði frá að það hefði verið sótt um fleiri styrki, það ætti eftir að koma út úr því.

4. Lagabreytingar

Heiða Rúnarsdóttir formaður og Guðrún Ólafsdóttir *titill* kynntu lagabreytingar og kosið var um þær með handauppréttingu:

2. gr.
g. Að efla rannsókna- og fræðistörf sem varða skólasöfn.
verði:
g. Að styðja og/eða eiga frumkvæði að rannsókna- og fræðistörfum sem varða skólasöfn.
FELLT – lagagrein stendur óbreytt.

2 gr.
h. Að efla samstarf við sambærileg erlend félög.
verði:
h. Að að hvetja til samstarfs við sambærileg erlend félög.
SAMÞYKKT með orðabreytingum og verður:
h. Að efla og hvetja til samstarfs við sambærileg erlend félög.

3. gr.
Stjórn félagsins getur vikið manni úr félaginu vinni hann gegn hagsmunum þess og/eða gerist brotlegur í starfi.
verði:
Meirihluti stjórnar félagsins getur vikið manni úr stjórn vinni hann gegn hagsmunum þess og/eða gerist brotlegur í starfi.
MÁLSGREIN tekin út í heild sinni.

7 gr.

Við stjórnarkjör skal tryggt að ekki gangi fleiri en þrír úr stjórn í einu.
verði:
Við stjórnarkjör er æskilegt að ekki gangi fleiri en þrír úr stjórn í einu.
SAMÞYKKT.

10 gr.

Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti og með eins dags fyrirvara ef hægt er.
verði:
Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti að jafnaði með viku fyrirvara en að lágmarki með þriggja daga fyrirvara.
SAMÞYKKT.

Rætt var um að setja í lögin að það væri kosið til ákveðins tíma í senn og þá til skiptis nokkra menn þannig að ekki gangi allir úr stjórn í einu.

5. Skýrslur nefnda (fellur inn í skýrslu stjórnar)

6. Umræður og afgreiðsla mála

Ekki komu önnur mál til umræðu sem þörfnuðust afgreiðslu.

7. Kosning stjórnar

Berglind gengur úr stjórn og fær lófaklapp og blóm. Heiða býður upp á framboð í stjórn en fær engar undirtektir. Heiða býður upp á framboð í kjaranefnd KÍ. Ásgeir Eyþórsson í Kelduskóla tekur starf sem kjarafulltrúi KÍ. Ívar Ólafsson er kjarafulltrúi SBU. Heiða ítrekar boð um framboð í stjórn og í starf upptökustjóra. Anna Guðmundsdóttir Grunnskólanum í Borgarnesi býður sig fram í stjórn og er samþykkt með klappi.

8. Kosning tveggja endurskoðenda

Árný Jóna Jóhannesdóttir Foldaskóla og Hallbera Jóhannesdóttir Brekkubæjarskóla Akranesi bjóða sig fram sem endurskoðendur. Samþykkt.

9. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

KAFFIHLÉ

Að loknum Aðalfundi var **Fræðslustund** þar sem Jóhanna Júlíusdóttir kynnti Lestrarólympíuleika Hólabrekkuskóla og Heiða Rúnarsdóttir kynnti Bókabrall, lestrarhvatningu fyrir 5. og 6. bekk.

Fundi slitið kl. 16.09